



Umhverfis- og skipulagssvið
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Borgartún 34-36 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 28. apríl 2022 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 8. apríl 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 6. apríl 2022 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 34-36 við Borgartún, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins bókaði um lóðina Borgartún 34-34 í skipulags- og samgönguráði þann 6. apríl sl. Fækka á íbúðum um tvær. Fulltrúi Flokks fólksins veltir fyrir sér hvort ráðlagt sé að setja svo margar íbúðir í eitt hús. Fordæmi er varla fyrir þessu í Reykjavík nema kannski má finna eitt dæmi. Fulltrúi Flokks fólksins finnst þéttingarstefna meirihlutans ganga ansi langt hér og óttast þrengsl og umferðavandamál. Hér er dæmi um hvernig þéttingarstefna hefur verið tekin út í öfgar.

Helga Björk Laxdal
e.u.